



ÍAV reisir Metanól verksmiðju á lóð við jarðvarmaorkuver HS Orku við Svartsengi á Reykjanesi ásamt því að leggja heimtaugar s.s. gas, kælivatns og gufulagnir frá HS Orku. Einnig mun ÍAV sjá um að setja upp verksmiðjuna og í því felst töluverð stálmíði, pípulagnir og rafmagnsvinna. Verksmiðjan notar raforku og koltvísýring úr gufu frá jarðvarmaverinu til að framleiða vistvænt eldsneyti fyrir bíla. Þessi framleiðslutækni var þróuð af CRI og er vernduð með einkaleyfi.

Fullbyggð verður framleiðslugeta verksmiðjunnar allt að 5 milljónir lítra af endurnýjanlegu metanól á ári. Eldsneytið fer fyrst á innlendan markað. Endurnýjanlegu metanól er hægt að blanda í bensín eða lífrænan dísil til þess að framleiða vistvænt eldsneyti án þess að breyta þurfi bílvélum eða dreifingu og flutningsmáta eldsneytis.

Endurnýjanlegt metanól eykur oktantölu bensíns og veldur hreinni bruna. Kostir eldsneytisins eru minni mengun, betri eldsneytisnýting auk þess sem nú verður hægt að framleiða eldsneyti fyrir íslenska bíla úr innlendri raforku, koltvísýringismengun og vatni. Loftgæði aukast, útblástur bifreiða minnkar og minna verður flutt inn af olíu. Með tækni CRI opnast sá möguleiki að landið verði í framtíðinni hreinn útflytjandi bifreiðaeldsneytis úr íslenski raforku.

Verkkaupi

CRI (Carbon Recycling International)

Verk hafið

2010

Verki lokið

2011

Verkefnisstjóri

Jónas Már Gunnarsson

Byggingarstjórar

Guðmundur Jóhannesson

Aðstoðar verkefnisstjóri

Torfi Magnússon

Verkefnisstjóri jarðvinnu

Árni Valur Garðarsson

Verkhönnun

Arkís / Mannvit

Eftirlit

VSS (Verkfræðistofa Suðurnesja)

